# Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað, umdæmi V árið 1920.

Skógurinn: Grisjun var haldið áfram á sömu skógarteigum og í fyrra, sem sé í Hólunum fyrir sunnan veginn til Skriðdals og einnig fram og upp af Ormsstöðum, þar áframhald frá f.á. Þá hefur verið grisjað dálítið í Partinum. Í suðurskóginum , haldið áfram milli Kerlingarar og Atlavíkurlæks, mest í Atlavíkinni, neðan við Selveg, en líka nokkuð milli Króklæks og Kerlingarár ofan við Selveginn. Þá hefur verið grisjað dálítið í Vörðuhrauni.

Í gamla raftaskóginum hefur ekkert verið höggvið í ár, enda hefur mjög lítill raftaviður verið höggvin á þessu ári, en selt það sem eftir er af viðnum frá 1918. Mikið af því var selt lækninum á Brekki á o/lo og lo/11 kr. 100 kg. Áformað var að flytja nokkuð af efniviðnum til Reykjavíkur, en af því varð ekki vegna þess að mótórbátur gekk ekki á Fljótinu. Bátur sem fenginn var reyndist ónothæfur, þrátt fyrir mikla viðgerð.

Girðingin: Veturinn í fyrra var snjóþungur, eins og allsstaðar á landinu. Girðingin var því mjög slitin i vor þegar snjó leysti og voru nokkrir staurar brotnir. Var við það gert svo fljótt sem hægt var.

Fræsöfnun: Safnað var um 60 kg. af birkifræi hér í skoginum. Sent skógræktarstjóra til Reykjavíkur ca. 50 kg. En hitt geymist til að sá á næsta vori. Þá safnaði ég reyniviðarfræi ca. 6 kg. hér í skóginum, en í Öræfum safnaði Jón Pálsson á Svínafelli va. 13 kg. og sendi hingað í haust.

Frævöxtur var með besta móti, enda var tíðin mjög hagstæð, vætur og sólskin.

Ársvöxtur á skóginum var í betra lagi, enda sást nú enginn maðkur á skóginum. Lengstu ársssprotar urðu 52 cm.

Mæling á skóginum: Lokið við að mæla landið innan girðingar. Benedikt Blöndal kennari a Eiðum tók að sér mælinguna 1918, en framkvæmdi þá ekki verkið nema að litlu leiti, vegna ótíðar. Í júnímánuði í sumar lauk hann mælingunni og hefur nú gert uppdrátt af skóglendinu og skóglausum svæðum innan girðingarinnar, með mælikvarðanum 1:5000.

Græðireiturinn: Sáð ca. 6 kg. af birkifræi og ca. 5 kg. af reynifræi. Birkifræið kom vel upp þróuðust fræplönturnar vel í sumar, átti vætutíðin í sumar, einkum fyrri part sumarsins þátt í því.Reyniviðarfræið kom ekki upp, eins og venja er til hér.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Dreift var í vor: Af ísl | Reyniv ið ca. | 3.000 | stk | 2/o |
| | - - - | 640 | - | 2/4 endurdr. |
| | Lævirkjatré | 720 | - | endurdr. |
| | Abies ciberika | 45 | - | endurdr. |
| Selt var úr græðireitnum: | Birki | 145 | stk | |
| | Reynir | 203 | - | |
| | Víðir | 62 | - | |
| | Lævirkjatré | 68 | - | |
| | Ribs | 71 | - | |
| | Fura | 6 | - | |
| | Greni | 2 | - | |
| | Samtals: | 555 | stk. | |

Framför í græðireitnum var í besta lagi, eftir reynslu undanfarinna 10 ára. Það mátti heita að góður árswöxtur yrði á öllum tegundunum. Einkum var áberandi vöxtur á lævirkjatrjám og skógarfuru. Birki og reynir uxu líka mjög vel.

Vaxandi fer nú áhugi manna að hlúa við trjárækt við hús og bæi. Þegar að því kemur að hið óeðlilega ástand sem nú er á öllu viðhorfi og framkvæmdalífi kemst í jafnvægi, má vænta þess að almenningur veiti meira athygli þeirri fegurð sem trjárækt og blómarækt veita hverjum manni með heilbrygðri skynsemi eða einhverri fegurðartilfynningu. Reynslan er búin að sýna að hægt er að framleiða góðar plöntur í græðireitnum og flytja þær langar leiðir og gróðursetja með góðum árangri.

Undirbúin var tilraun með sáningu á birki á bersvæði, samkv. fyrirlagi skógræktarstjóra.

<u>Byggingar</u>: Rifin var skemma á Ormsstöðum og byggð uppæ við stafninn á baðstofunni, að mestu úr gamla timbrinu. Keypt gólfborð og eitt loft í skemmuna. Hjá því var ekki komist, því ekkert geymsluhús var á bænum (Ormsstöðum) Einnig var endurbætt þakið á baðstofunni, og byggt upp hesthús, sem alveg er komið í níðslu.

<u>Ferðir:</u> Eftir beyðni Sveins Ólafssonar alþingismanns í ferðir fór ég þangað í öndverðum október til að skoða þar skógargirðinguna og gera ráðstöfun til að gert væri við hana. Girðingin var mjög biluð og af því engin tök voru á að fá mannskap til að gera við hana, svo hún ætti að heita í góðu lagi, varð ég að láta setja lítilsháttar bráðarbyrgðargjörð. Fullkomin lagfæring verður að bíða betri tíma. Aðrar ferðir fór ég ekki á árinu.

Hallormsstað 14. janúar 1921.
Guttormur Pálsson.